

**Ed.**

**342. Frumvarp til laga**

**[181. mál]**

um heimild handa samgöngumálaráðherra til að veita Guðjóni Ármanni Eyjólfs-  
sýni sjóliðsforingja stýrimannsskírteini á íslenskum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

**1. gr.**

Siglingamálaráðherra skal heimilt að veita Guðjóni Ármanni Eyjólfs-  
sýni sjóliðsforingja undanþágu frá því að ganga undir farmanna- og varðskipapróf við  
stýrimannaskólann í Reykjavík, samkvæmt lögum nr. 5 14. marz 1955. um  
stýrimannaskólann í Reykjavík, og láta honum í té stýrimannsskírteini í innan-  
og utanlandssiglingum á verzlunar- og varðskipum af hvaða stærð sem er og  
skipstjóraskírteini á sams konar skipum, eftir að hann hefur fullnægt ákvæð-  
um laga nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

Skulu próf hans við sjóliðsforingjaskólann í Kaupmannahöfn jafngilda ís-  
lenzkum prófum.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frumvarpið er flutt eftir beiðni sjávarútvegsmálaráðherra. Einstakir nefnd-  
armenn áskilja sér rétt til að bera fram eða fylgja breytingartillögum, sem fram  
kunna að koma við frumvarpið, og hafa óbundnar hendur um afstöðu til þess.

Svo hljóðandi greinargerð og fylgiskjöl fylgdu frumvarpinu af hálfu ráðu-  
neytisins:

Guðjón Ármann Eyjólfs-son er fæddur 10. janúar 1935. Hann lauk s. l. haust  
sjóliðsforingjaprófi við Sölværnets Officerskole í Kaupmannahöfn.

Samkvæmt íslenskum lögum er nám í stýrimannaskólanum í Reykjavík eða  
námskeiðum hans og íslensk próf skilyrði til skipstjórnarréttinda á íslenskum  
skipum. Hefur því verið að því horfið, er íslenskir menn hafa lokið sjóliðsforingja-

námi erlendis, að viðurkenna með lögum hin erlendu próf þeirra sem jafngild íslenskum, sbr. t. d. l. nr. 17 13. júní 1937, l. nr. 8 13. febr. 1948 og l. nr. 95 11. des. 1950.

Guðjón Ármann Eyjólfsson hefur verið ráðinn til starfa hjá landhelgisgæzlunni frá og með 1. þ. m. að telja, og hefur landhelgisgæzlan farið þess á leit við samgöngumálaráðuneytið, að það hlutist til um, að hin erlendu próf Guðjóns verði með sérstakri lagasetningu metin jafngild og innlend próf. Að sjálfsögðu verður Guðjón að fullnægja ákvæðum laga um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum um siglingatíma til að fá atvinnuskirteini sem stýrimaður eða skipstjóri.

#### Fylgiskjal I.

##### LANDHELGISGÆZLAN

Reykjavík, 29. nóv. 1960.

Samgöngumálaráðuneytið, Arnarhváli, Reykjavík.

Hér með sendist hæstvirtu ráðuneyti afrit af prófskirteini frá Sövnernets Officerskole í Kaupmannahöfn, dags. 21. nóv. 1960, til handa Guðjóni Ármanni Eyjólfssyni, fæddum í Vestmannaeyjum 10. júní 1935, er lauk sjóliðsforingjanámi við fyrrnefndan skóla fyrir skömmu.

Vil ég leyfa mér að fara þess á leit, að ráðuneytið hlutist til um, að próf Guðjóns verði viðurkennt jafngilt prófi frá stýrimannaskólanum í Reykjavík.

Pétur Sigurðsson.

#### Fylgiskjal II.

##### STÝRIMANNASKÓLINN

Reykjavík, 28. desember 1960.

Með bréfi, dags. 22. þ. m., sendi ráðuneytið mér til umsagnar hjálagt erindi landhelgisgæzlunnar, dags. 29. f. m., þar sem farið er fram á, að prófskirteini Guðjóns Ármanns Eyjólfssonar frá Sövnernets Officerskole í Kaupmannahöfn verði viðurkennt jafngilt og prófskirteini frá stýrimannaskólanum í Reykjavík.

Vegna þessa skal ég leyfa mér að taka fram, að siglingafræðikunnátta sú, er Guðjón Ármann Eyjólfsson hefur öðlzt með fyrrnefndu sjóliðsforingjaprófi, jafnast fyllilega á þá fræðslu í siglingafræði, sem stýrimannaskólinn í Reykjavík veitir.

Erindið ásamt fylgiskjölum endursendist hér með.

F. h. s.

Jónas Sigurðsson.

Til samgöngumálaráðuneytisins.